

Kirknaganga á Melrakkaslétu



Ferðafélagið Norðurslóð heldur uppteknum hætti og fer í kirknagöngu á föstudaginn langa. Þetta er þriðja árið í röð sem efnt er til slíkarar göngu. Nú ber daginn upp á 25. mars. Verður að þessu sinni gengið frá Ásmundarstöðum á Sléttu þar sem áður var kirkja og endað við Raufarhafnar-kirkju.

Þetta er um 7 km auðveld ganga.

Við upphaf og enda göngunnar verður miðlað fróðleik um kirkjurnar. Í göngulok verður boðið upp á hressingu í safnaðarheimilinu og fólk síðan ferjað til baka eftir þörfum.

Ferðafélagið hvetur til góðrar þátttöku í fróðlegri og hressandi útivist. Mæting við kirkjuna á Raufarhöfn kl. 13:00 til að sameinast í bíla.

Aðalfundur Velferðarsjóðs

Aðalfundur Velferðarsjóðs Þingeyinga verður haldinn í Bjarnahúsi á Húsavík þriðjudaginn 22. mars klukkan 14:00.

Venjuleg aðalfundastörf.

Stjórnin

Páskabingó á Nausti

Páskabingó verður haldið á Dvalarheimilinu Nausti á Þórshöfn á skírdag, 24. mars 2016 og hefst kl 16:00.

Allir velkomnir
Aðgangseyrir 300 kr



Skegla

Skegla kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst.

Auglýsingar berist á netfangið skegla@simnet.is eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum.

Skegla kemur næst út miðvikudaginn 30. mars 2016.

Gjaldskrá: Hálsíða 2.700,-, heilsíða 3.900,-.

Skegla

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni
12. tbl. 7. árg. Miðvikudagur 23. mars 2016



Fjárhundanámskeið í Þistilfirði

Fyrirhugað er námskeið í þjálfun fjárhunda á Gunnarsstöðum helgina 9.-10. apríl næstkomandi.

Leiðbeinandi verður Elísabet Gunnarsdóttir.

Nánari útfærsla ræðst af þátttöku. Skráning og frekari upplýsingar hjá Maríusi s. 864 0761 eða Lísu s. 863 1979.



Endurmenntun Lbhi

Jarðræktarforritið Jörð.is

Í samstarfi við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins



Kennt verður á skýrsluhalds- og jarðræktarforritið Jörð.is. Farið verður yfir helstu þætti þess hvernig bændur geta nýtt sér vefforritið til að halda utan um jarðræktarsögu búans, útbúa áburðaráætlanir og nýta við verðsamanburð á milli áburðarsala. Í forritinu geta bændur t.a.m. gert vandaðar áburðaráætlanir sem byggðar eru á áburðarþörf hvers bú en jafnframt bætt inn eigin skilyrðum, með þessu ættu bændur að ná fram hámarks hagkvæmni.

kennarar: Sigurður Jarlsson ráðunautur hjá RML og
Borgar Páll Bragason ráðunautar hjá RML

I: 31. mars, kl. 10:00-17:00 á Hvanneyri

II: 4. apríl, kl. 10:00-17:00 á Hvolsvelli

III: 5. apríl, kl. 10:00-17:00 á Höfn í Hornafirði

IV: 6. apríl, kl. 10:00-17:00 á Suðausturlandi (nákvæm staðsetning ákvarðast út frá skráningum)

V: 7. apríl, kl. 10:00-17:00 á Norðausturlandi (nákvæm staðsetning ákvarðast út frá skráningum)

VI: 8. apríl, kl. 10:00-17:00 á Þórshöfn (þátttakendur mæta með eigin tölvur með sér)

VII: 9. apríl, kl. 10:00-17:00 á Akureyri (þátttakendur mæta með eigin tölvur með sér)

Verð: 19.900 kr. Minnum bændur sérstaklega á Starfsmenntasjóð bænda.



www.lbhi.is/namskeid • endurmenntun@lbhi.is • 433 5000

Skráningar, sjá leiðirnar hér fyrir ofan.

Frá Skinnastaðarprestakalli:

Helgihald um bænadaga og páska verður sem hér segir:

Skírdagur, 24. mars:

Páskaþakirkjuskóli í Safnaðarheimili Raufarhafnarkirkju kl. 11.00.

Páskaeggjaleit.

Kyrrðarstund með altarisakramenti í Raufarhafnarkirkju kl. 20.30.

Föstudagurinn langi, 25. mars

Guðsþjónusta í Snartarstaðakirkju kl. 20.00

Laugardagur, 26. mars

Páskaþakirkjuskóli í skólahúsinu á Kópaskeri kl. 11.00.

Páskaeggjaleit.

Páskadagur, 27. mars

Hátíðarguðsþjónusta í Skinnastaðarkirkju kl. 10.00 árdegis.

Morgunverður í Lundi á vegum sóknarnefndar að athöfn lokinni.

Allir hjartanlega velkomnir !

Hátíðarguðsþjónusta í Garðskirkju kl. 14.00

Annar páskadagur, 28. mars:

Hátíðarguðsþjónusta í Raufarhafnarkirkju kl. 14.00

Verið velkomin til kirkju um páska !

Með bestu ósk um friðsæla bænadaga og gleðilega páska !

Sóknarprestur og sóknarnefndir